

Fréttapistill frá forseta Íslands

5. mars 2020

Nú er lokið opinberri heimsókn okkar Elizu til Póllands. Þessi orð voru skrifuð á Kasturpelli í Kaupmannahöfn og birt þegar við erum í háloftunum á leið þaðan heim.

Við þökkum kærlega fyrir þá gestrisni og góðvild sem við nutum á ferð okkar. Við höldum heim með góðar minningar. Í Varsjá tóku Andrzej Duda forseti og Agata Kornhauser-Duda forsetafrú á móti okkur með virktum og sýndu okkur mikinn sóma. Ég heimsótti einnig þing Pólverja, Sejm, og hlotnaðist sá heiður að leggja blómsveig að minnismerki óþekkta hermansins í höfuðborginni. Margt annað bar til og yrði of langt mál að rekja það allt hér. Ég bendi áhugasömum á fréttir af viðburðum og verkefnum okkar Elizu í ferðinni á heimasíðu forsetaembættisins, www.forseti.is, og myndir sem þar fylgja.

Þó nefni ég hér sérstaklega að í heimsókninni var lögð sérstök áhersla á möguleika á auknu samstarfi við nýtingu jarðvarma í Póllandi. Á því hafa Pólverjar mikinn áhuga enda er þeim nauðsynlegt að brenna færri kolum, ætli þeir sér að ná eigin markmiðum um kolefnisjöfnun. Við Duda Póllandsforseti ávörpuðum ráðstefnu Uppbyggingarsjóðs Evrópska efnahagssvæðisins um umhverfis-, orku- og loftslagsmál og vonandi verða frekari skref stigin í þessum efnunum á næstu árum. Þá var gaman að heimsækja skrifstofu Meniga í Varsjá og fræðast um velgengni þess ágæta sprotafyrirtækis.

Nú búa um 20.000 manns á Íslandi sem eiga pólskar rætur, hafa sest að fyrir fullt og allt eða ætla aðeins að dvelja um stund. Þessir íbúar leggja sitt af mörkum til samfélagsins og nefndi ég það gjarnan í máli mínu ytra. Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra var með í för og undirritaði samstarfsyfirlýsingu íslenskra og pólskra menntamálayfirvalda um að efla frekara samstarf landanna á sviði menntamála og aukna pólskukennslu heima. Þetta er fagnaðarefni. Þeir sem kunna eigið móðurmál vel eru mun líklegri til að ná góðum tókum á öðrum málum. Frekari upplýsingar um samstarfið og aðra þætti ráðherra í heimsókninni má sjá á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytisins og hér: <https://www.stjornarradid.is/.../Efla-menntasamstarf.../>

Ytra flutti ég tvo fyrirlestra. Annar var í boði ODIHR, Office for Democratic Institutions and Human Rights, sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi borgarstjóri og utanríkisráðherra, stýrir af myndarskap. Fyrirlesturinn nefndi ég „The struggle for a common past and future. Universal values and national interests.” Hann má lesa hér: https://www.forseti.is/.../2020_03_04_polland_odihr... . Í þessu erindi sagði ég m.a.:

History is littered with the potential evils of excessive nationalism, of xenophobia, racism and intolerance based on the alleged need to defend the purity, honour and integrity of the nation. Such misuse of history must be resisted on all fronts. Still, we will not succeed in our opposition to the extremist misuse of nationalism if we try to

deny peoples' need for a joint heritage and its long-proven positive attributes. ... So, let us defend the positive aspects of nationalism and independence, the freedom of speech, freedom of expression, freedom of religion, freedom of love, freedom and duty of diversity, tolerance and open-mindedness, the freedom to seek inspiration from the past but also the duty to accept and learn from the more negative aspects of our national experience.

Þá flutti ég fyrirlestur við Háskólann í Varsjá, „Defending Asgard, independence and human rights. The use of history in current affairs.“ Hann má lesa hér:

<https://www.forseti.is/.../2020-03-04-heims%C3%B3kn-%C3.../>.

Um fjöllumunarefnið var svipað og sagði ég m.a.:

In nineteenth-century Iceland, not all the historically minded leaders in the struggle for independence were that concerned with individual freedom, workers' rights, equality, welfare assistance and other aspects which we now deem essential in a progressive society. And often they would argue fiercely among themselves. Now we should tell that multifaceted story, not only a positive tale of progress from foreign rule to full independence. Similarly, the history of Iceland in the Second World War is not without its blemishes or controversies. The authorities did not want to offer persecuted Jews residence permits in the country. Trade with Germany continued happily in the first months after the outbreak of hostilities in September 1939. To conclude, as we discuss the use of history in current affairs let us recall the wise words of Polybius, the ancient Greek historian: “Now I would agree that historians should give their countries an important role, but in no way must they make statements that are the opposite of what actually happened.” Back home, the country's first historian, Ari the Learned, provided similar advice in his Book on Icelanders, a twelfth century description of the settlement of Iceland. “Whatever is wrongly reported in this history,” he wrote, “one is duty bound to accept what proves to be more true.”

Seinni hluta heimsóknarinnar vörðum við hjónin og föruneyti okkar í Gdańsk, þeirri fallegu hafnarborg sem hefur svo sterkar tengingar við Ísland. Aleksandra Dulciewicz borgarstjóri tók á móti okkur auk annars forystufólks í borginni. Við sóttum söfn þar, þeirra á meðal European Solidarity Centre og nýlegt safn um sögu seinni heimsstyrjaldarinnar. Við Eliza lögðum einnig blómsveig að minnismarki um þá verkamenn sem voru myrtir í mótmælum við skipasmíðastöðina í Gdańsk árið 1970. Eliza átti einnig fund með jafnréttisráðinu þar og sótti aðra viðburði en aftur vísa ég til heimasíðu forsetaembættisins um frekari upplýsingar.

Ég ítreka þakkið mínar til okkar pólsku gestgjafa og pólsku þjóðarinnar. Í lokin er sjálfsagt að geta þess að bæði í Danmörku og í Póllandi fylgjast stjórnvöld vel með gangi kórónuveirunnar. Kenni fólk sér meins og komi frá þekktum áhættusvæðum er því uppálagt að tilkynna heilbrigðisyfirvöldum um stöðu sína. Þá er í löndunum tveimur lagst gegn ferðum á þessi svæði. Engar aðrar ferðatakmarkanir hafa verið í gildi, og ekki heldur einhvers konar samkomubann, en stjórnvöld fylgjast að sjálfsögðu vel með þróun mála, í náinni samvinnu við lækna, vísindamenn og alþjóðleg heilbrigðisyfirvöld, rétt eins og gert hefur verið heima á Íslandi.

Og ekki verður ítrekað of oft að fólki ber undanbragðalaust að hlíta fyrirmælum um sóttkví þar sem það á við. Öll eigum við líka að gæta ítrasta hreinlætis, þvo okkur vel um hendur, halda í lágmarki handaböndum og öðrum ljúfum kveðjum á mannamótum um stundarsakir og fylgjast með tilmælum og leiðbeiningum, ekki síst á heimasíðu landlæknisembættisins, www.landlaeknir.is.